

57. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund miðvikudaginn 6. september 2006 kl. 13.00 í Amtsbókasafninu. Mætt voru Eyþór Benediktsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Guðrún Erna magnúsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Erla Friðriksdóttir, Marc Deriveau og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Sýningin um systurnar.
Fyrri og ný nefnd tóku sýninguna niður. 1905 gestir skráðu komu sína í gestabók. Sýningarmunir eru á sjúkrahúsi, meginhluti í eigu sjúkrahúss. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað verður gert við myndir í eigu Stykkishólmsbæjar. Eyþór kom með hugmynd um myndir tengdar leikskólastarfi við opnun nýs leikskóla. Allir sammála um að einkar vel hafi verið staðið að sýningunni og eigi fyrirverandi nefnd og sýningarhönnuður þakkir skildar fyrir.
2. Forstöðumaður bókasafns.
Formaður sagði frá viðræðum sínum við Þjóðfræðing til að koma til starfa, jafnvel tímabundinna. Sá aðili sér sér því miður ekki fært að taka verkefnið að sér. Erla sagði frá viðræðum sínum við fyrirverandi forstöðumann sem hefur að íhuguðu máli gefið afsvar sitt. Erla sagði frá viðræðum sínum við lektor í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ og mun hún láta vita í nemendahópi af starfinu. Magnús benti á möguleika á sagnfræði- eða þjóðfræðimenntun með möguleika á viðbótarmenntun. Rætt um mikilvægi faglegrar ráðgjafar við undirbúning flutnings.
3. Undirbúningur breytinga á húsnæði, pöntun búnaðar.
Búið er að teikna upp hillur í nýtt húsnæði með aðstoð bókasafnsfræðings. Erla mun senda nefndarmönnum teikningarnar, en hillurnar geta rúmað 15 þúsund titla. Von er á tilboði í búnað passandi húsnæðinu. Skipavík mun sjá um breytingar innanhúss skv. samþykktu tilboði. Einnig liggur fyrir tilboð um þakskipti sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um.
Rætt um annaðhvort eldtrausta skápa sem unnt væri að nýta síðar eða steinklefa. Afgreiðslufrestur búnaðar er 6-8 vikur.
4. Undirbúningur fyrir flutning.
Marc vinnur við að pakka, segir mestan tíma fara í að skrá það sem pakkað er. Erla ræddi hvort rétt sé að fá Ólaf Ásgeirsson, forstöðumann Þjóðskjalasafns til ráðgjafar við skráningu og geymsluaðferðir elstu rita safnsins.
5. Önnur mál.
Eyþór ræddi um bókakaup. Dagbjört sagði frá fyrirkomulagi bókakaupa undanfarið. Samþykkt að Dagbjört og Erna skoði það sem út hefur komið síðustu mánuði.

Eyþór dræddi um drög að samþykktum fyrir ljósmyndasafn. Guðmundur Páll Ólafsson bendir á bréflaga að framkvæmdanefnd eigi að sjá um samþykktir ljósmyndasafns en lýsir sig reiðubúinn til samræðna og samvinnu.

Eyþór ræddi um fundartíma í framtíðinni. Samþykkt að funda fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 17.00.

Erla sagði frá því að James Lingwood komi hingað þriðjudaginn 12. september og langi til að hitta nefndina. Samþykkt að hitta hann kl. 13.30 í Amtsbókasafninu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 14.20.

Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Guðrún Erna Magnúsdóttir (sign.),
Eyþór Benediktsson (sign.),
Erna Guðmundsdóttir (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.).

Íhs.